



# Skýrsla um starfsemi Mæðrastyrksnefndar, yfirlit frá haustinu 1927 til hausts 1934

---

Bjarni Benediktsson – Skýrsla um starfsemi Mæðrastyrksnefndar, yfirlit frá haustinu 1927 til hausts 1934 – Upplýsingaskrifstofan – Frumvörp – Landskjör – Skýrslusöfnun – Barnsfararkostnaður – Meðlagsgreiðslur – Laufey Valdimarsdóttir – Aðalbjörg Sigurðardóttir – Kristín Jacobsen

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnámálamaðurinn  
Askja 2-3, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKÝRSLA  
UM  
STARFSEMI  
MÆÐRASTYRKS-  
NEFNDAR

## Skýrsla um starfsemi Mæðrastyrksnefndar.

Árið 1927 kom fyrst til umræðu í Kvenréttindafélagi Íslands, krafan um mæðrastyrki.

Þegar félagið ákvað að beita sér fyrir þessari kröfu, þá var því ljóst að enginn flokkur manna ætti erfiðari kjör heldur en mæður, sem einar vinna fyrir börnum. Þessar mæður yrðu að vera tveggja manna makar og leysa af hendi uppeldisskyldu beggja foreldra, en þjóðfélaginu bæri skylda til að taka á sig þá skyldu af hálfu föðursins, þegar hans misti við. Þá væru börnin hvergi betur komin en hjá móður sinni svo framarlega sem hún teldist ekki ófær til að sjá um börn. Mæðrastyrkurinn væri því veittur til þess að gera konum kleift að halda heimili sínu saman.

Veturinn 1928 eftir hin miklu sjóslys þegar 2 togarar fórust með allri áhöfn voru allra hugir opnir fyrir þörfinni á að hjálpa ekkjum til frambúðar. Var þá samþykkt í Kvenréttindafélagi Íslands að bjóða fulltrúum annara kvenfélaga á fund til þess að stofna nefnd sem ynni að því að koma á löggjöf um mæðrastyrki. 20. apríl 1928 mættu fulltrúar 10 kvenfélaga á fundi í þessu skyni og var nefndin þá stofnuð. Seinna hafa 7 önnur félög bæzt við, en eitt hefir helst úr lestinni.

Með nafni nefndarinnar "Mæðrastyrksnefndin" var ákveðið að styrkirnir skyldu ná til allra mæðra, sem einar hefðu forsjá barna: ekkna, fráskildra og ógiftra. Nefndinni var ljóst að styrkur þessi þyrfti að ná til allra þeirra kvenna, sem unnu einar fyrir heimili, en var meinað að leita sér nægilegrar atvinnu vegna heimilisstarfa sinna. Því átti styrkurinn líka að ná til kvenna, sem unnu fyrir sjúkum eiginmönnum og jafnvel öðru skylduliði.

### Yfirlit yfir starfsemi nefndarinnar.

Haustið 1927.

Mæðrastyrksmálið fyrst rætt í Kvenréttindafélagi Íslands, Erindi flutt, síðan birt í 19 Júní og sérprentað.

15. apríl  
1928.

Nokkru eftir "Forseta"-slysið var samþykkt á fundi í Kvenréttindafélagi Íslands að bjóða fulltrúum annara félaga á fund til að ræða um samvinnu þeirra í milli í því skyni að koma í framkvæmd hugmyndinni um mæðrastyrki greidda af opinberu fé til einstæðra mæðra.

20. apríl  
1928.

Mættu 22 fulltrúar 10 kvenfélaga á fundi. Stofnuð Mæðrastyrksnefndin. Síðan bættust fleiri félög í hópinn. Urðu brátt 15.

Í Júní 1928.

Skrifað út um land, Kvenfélögum og þektum konum. Send voru ca. 250 bréf. Erindið um mæðrastyrki sérprentað sent með. Sendar fyrirspurnir. Áskorun um að vekja áhuga á málinu hvarvetna um landið, og leiðbeiningar um starfs-aðferðir.

21. apríl 1929.

Haldinn fjölsóttur áhrifamikill kvennafundur. Margar ræðukonur. Sagt frá fyrsta árangri söfnunarinnar, þá voru komnar (á 1. ári) 205 skýrslur úr 14 sýslum- flest-

ar úr sjóþorpum eða kaupstöðum. (Skýrslurnar sýndu að konur flyttu oft úr sveit, er þær urðu ekkjur, í von um að geta frekar framfleytt sér og börnum sínum með daglaunavinnu).

Skýrslurnar töldu 616 börn á framfæri þessara kvenna, þar af 351 innan 14 ára. 13 konur af þessum 205 unnu fyrir heilsulausum eiginmömmum. Skýrslur voru frá 59 ógiftum mæðrum og fengu 30 þeirra engan styrk frá barnsföður.

Fundurinn samþykkti tillögu um að skora á Alþingi að afnema fátækraflutning, og hét Mæðrastyrksnefndinni eindregnum stuðningi í baráttu hennar fyrir mæðrastyrkjum og vænti þess að frumvarp þess efnis yrði lagt fyrir næsta þing.

Skorað var á konur að gefa nefndinni upplýsingar um hagi sína, og var opnuð skrifstofa mæðrastyrksnefndarinnar vorið 1929. Skrifstofa þessi hafði það tvöfalda verkefni að leiðbeina konum og hjálpa þeim til að reka réttar síns og að safna skýrslum um hagi þeirra. Kom þá brátt í ljós að konurnar höfðu ekki notið þeirrar lagaverndar, sem þær áttu rétt á, og hefir starfsemi skrifstofunnar oft orðið til þess að rétta hlut þeirra, mun ég segja frá því starfi í sérstöku erindi.

Var borin upp þingsályktunartillaga um afnám fátækraflutnings - tillögum kvennafundarins - Var hún samþykkt af efri deild Alþingis.

Skrifað öllum kvenfélögum og árálguð beiðni um skýrslusöfnun.

Skrifstofa mæðrastyrksnefndarinnar opin á hverjum degi 3 tíma á dag. Skiftust nefndarkonur til að vera þar og taka á móti konum.

Ekki þótti tiltækilegt að leggja frumvarp um mæðrastyrki fyrir þingið 1930, bæði vegna þess að ekki var skýrslusöfnuninni nærri lokið og svo var útlit til þess að samið yrði frumvarp um almennar tryggingar og þótti þá eðlilegt að semja mæðrastyrksfrumvarpið í sambandi við það. Alþingi 1930 samþykkti áskorun til stjórnarinnar um að skipa 3ja manna nefnd í tryggingarmálum. Sendi mæðrastyrksnefndin stjórninni áskorun um það að taka í þá nefnd 2 konur. En stjórnin þóttist ekki hafa heimild til þess, en tók þó líklega í að styðja starf nefndarinnar, veitti henni lítinn fjárfstyrk til skýrslusöfnunarinnar, (kr.400.00)

Flutti frk. I.H.B. 2 frumvörp að tilhlutun mæðrastyrksnefndarinnar. Annað frumvarpið var breyting á lögum um rétt óskilgetinna barna á þá leið, að framlengja frest þann, sem barnsmóður er veittur til þess að leita greiðslu á barnsfararkostnaði af dvalarsveit úr 6 mán. í 1. ár, þar sem reynsla var fengin fyrir því að barnsmæður tapa oft þessu fé, vegna þess að málin eru ekki svo fljótt komin í kring að hægt sé að leita sveitarinnar innan 6 mánaða frá því að konan varð heil.

Hitt frumvarpið var breyting á fátækralögum í þá átt að samræma þessi lög og lögin um rétt óskilgetinna barna, svo að skýrt kæmi fram réttur móðurinnar, því skilja má fátækralögin svo að nokkur ósamkvæmni sé á milli þeirra og hinna fyrnefndu laga, og hafa þessi ákvæði fátækralaganna verið notuð til þess að skerða rétt fráskilinna kvenna. Voru að sönnu öll slík ákvæði

Upplýsinga-  
skrifstofan  
opnuð vorið  
1929.

Vorið 1929

Vorið 1929

Veturinn  
1929-30.

Vorið 1930  
frumvörp  
mæðrastyrks-  
nefndarinnar.

fyrri laga feld úr gildi þegar lögin um rétt óskilgotinna barna voru samþykkt 1921, en misræmi komst inn vegna þess að þegar fátækralögunum var breytt árið 1927 voru hin fyrri ósamræmu ákvæði ekki feld úr og festust þannig í lögunum. Frumvörp þessi náðu 2. umræðu, en þá var komið að þingslitum.

Landskjör  
1930.  
Þingið 1931.

Sendar voru fyrirspurnir til frambjóðenda við landskjörið um afstöðu þeirra til mæðrastyrksmálsins.

Frú Guðrún Lárusdóttir bar fram frumvörp mæðrastyrksnefndarinnar dálítið breytt. Döguðu þau uppi scint á þinginu. Tryggingarlaganefnd sú, sem minst hefir verið á, skiladi engu frumvarpi, en aftur kom fram frumvarp frá Jóni Baldvinssyni um breytingu á fátækralögunum, og væri landið alt gert að einu framfærsluhéraði. Þótti fyrirsjáanlegt að mæðrastyrksfrumvarpið myndi ekki afgreitt nema breyting fengist á fátækralöggjöfinni. Mæðrastyrksnefndin sendi því áskorun til Alþingis um breytingu á fátækralögunum, þannig að landið yrði alt eitt framfærsluhérað og ákvað að reyna að fá bæjarstjórnir til að samþykkja fjárveitingar til mæðrastyrkja, svo sem margir bæir í Noregi höfðu gert, án sérstakra laga.

Fundur haust-  
ið 1931.

Haustið 1931 gekkzt nefndin fyrir að haldinn var stór almennur kvennafundur og var þar samþykkt í einu hljóði áskorun til bæjarstjórnar á þá leið að veittar væru 60000 kr. í fjárlögum til mæðrastyrkja, en þeirra skyldu njóta konur, sem framfærsluskylda heimila hvíldi á, einstæðar meður eða konur, sem vinna fyrir sjúkum eða óvinnuförum eiginmönnum, sjúkum uppkomnum börnum eða gömlum foreldrum, svo þær vegna heimilisstarfa geta ekki leitað sér nægilegrar atvinnu utan heimilis. Ætlast var til, að styrkur þessi væri veittur eftir mati skv. tillögum mæðrastyrksnefndarinnar og eins fátækrafulltrúanna, en úrskurðarvaldið lægi undir nefnd, sem bæjarstjórnin kysi til þess. Eftirlit með börnum færi fram í hjúkrunarstöð Líknar eða öðrum svipum stað. Tillaga þessi var feld.

Samskonar tillögur hafa verið bornar fram í bæjarstjórn fyrir hönd nefndarinnar af frú A.S. bæði 1932 og 1933, með þeim breytingum þó að styrkurinn skyldi veittur af bæjarráði að fengnum tillögum mæðrastyrksnefndar (og barnaverndarnefndar). Greiðsla átti að fara fram á bæjar-skrifstofunni.

Mál þetta hefir verið mikið rætt í bæjarstjórn en hefir ekki náð fram að ganga, Bar meiri hlutinn fyrir að breyta yrði löggjöfinni fyrst, og réði mæðrastyrksnefndinni að fara þá leið.

Skýrslusöfnun.

Á undanförnum árum hafa smámsaman komið skýrslur til nefndarinnar úr öllum bæjum nema Akureyri, úr flestum sjóþorpum og kaupúnum auk nokkurra hreppa. Í Reykjavík var erfiðast að ná skýrslum, þar sem auðséd var að það myndi ekki takast nema að hægt væri að fá til þess konur, sem gætu gefið sig allar að starfinu þá mánuði ársins, marz-maí, sem söfnunin varð að fara fram. Í fyrra sumar ákvað nefndin að leita styrktar hjá ríkisstjórninni til undirbúnings málinu og skýrslusöfnun. Tók forsætisráðherra Ásg. Ásg. málinu vel og veitti nefndinni nokkurn fjárstyrk til söfnunarinnar og loforð um það, að hagstofan skyldi síðan vinna úr skýrslunum. Þá fór nefndin fram á það, að hagstofan sendi fyrirspurnir til bæja-

og sveitastjórna um upphæð fátækrastr. veittan einstæðum mæðrum, sem hefðu forstöðu heimilis. Leyfði stjórnin að hagstofan ynni þetta verk og hefir verið unnið að því í vetur. Eru skýrslur komnar til hagstofunnar frá bæjarstjórnunum og hreppsnefndum víða að. Skýrslusöfnuninni í Reykjavík var loksins lokið nú í júní með allgóðum árangri. Átti nefndin áður 250 skýrslur, en jafnmargar bættust við. Enn hefir þó ekki fengist tími til að vinna úr þeim.

Við vonum því að málið sé loksins að komast á góðan rekspól og muni frumvarp um mæðrastyrki verða lagt fyrir næsta þing í sambandi við alþýðutryggingar og breytingar á framfærslulöggjöfinni.

H l i ð a r s p o r .

Önnur starfsemi Mæðrastyrksnefndarinnar.

Þó mæðrastyrksmálið sjálft hafi gengið seint þau 6 ár, sem nefndin hefir starfað, þá hefir ýmislegt unnið á öðrum sviðum.

1 9 3 0 .  
31/3

Send áskorun til borgarstjóra um að skipuð yrði kona sem launaður fátækrafulltrúi og mælt með frú Guðrúnu Lárusdóttir til þessa starfs, var henni veitt starfið.

1 9 3 0 .  
13/4.

Hélt mæðrastyrksnefndin stóran almennan kvennafund í tilefni af viðburði, sem komið hafði miklu róti á hugi manna í Reykjavík og voru þar til umræðu ýms velferðarmál æskulýðsins. Flutti Katrín Thoroddsen, læknir þar erindi um fræðslu barna í kynferðismálum í sambandi við heilsufræði og lífedeðlisfræði. Margar tillögur voru samþykktar á fundinum m.a. um nauðsyn á fræðslu barna í þessum efnum, um eftirlit með kvikmyndum frá siðferðis og menningarlegu sjónarmiði, um hjúkrunarkonu til eftirlits einkum með börnum og unglíngum, sem þjást af kynsjúkdómum, um skriflegt læknisvottorð brúðhjóna í stað samviskuvottorðs, um hækkun verndaraldurs upp í 18 ár, sem er lágmark giftingaraldurs, um kvenlögreglu, um nausyn á því að hækkuð væri tala skólanefndarmanna og konum bætt í nefndina, um löggjöf um barnavernd og skyldu a.m.k. 2 konur eiga sæti í þeirri nefnd.

Tillögur þessar voru sendar, sumar ríkisstjórn og sumar bæjarstjórn. Fékst því framgengt að skipuð var nefnd til þess að undirbúa frumvarp um barnavernd og áttu í henni sæti 3 konur (hafði mæðrastyrksnefndin bent á tveir þeirra), en frú Aðalbjörg Sigurðardóttir var skipuð formaður nefndarinnar. Lagði nefndin síðan frumvarp fyrir Alþingi, sem varð að lögum. Í skólanefnd var ekki bætt konu, en nokkru síðar var frú Aðalbjörg Sigurðardóttir skipuð formaður skólanefndar og hefir hún haldið því starfi síðan.

Nóv. 1930.

Sendi mæðrastyrksnefndin áskorun til bæjarstjórnar um að matgjafir til barnaskólabarna skyldu hefjast undir eins að haustinu, en ekki eftir nýjár, eins og verið hafði. Var þetta samþykkt og hefir haldist síðan.

Meðalmeðlög  
1 9 3 1 .

Skorað á bæjarstjórnina að hækka meðalmeðlög í Reykjavík upp í kr. 40.00 á mánuði -480 kr. á ári-, alt

Vorið 1934.

til 16 ára aldurs. Samþykkt af meiri hluta bæjarstjórnar. Breytt af stjórnarráðinu, fært niður í 360 kr. 1-4 ára, 300 kr. 4-9 ára, 330 kr. 10-14 ára 150 kr. 14-16 ára

Skorað á ríkisstjórnina að samræma meðlög um allt land (Kvenfélagsamband Suðurlands sendi samskonar áskorun fyrir forgöngu nefndarinnar). Skorað á ríkisstjórnina að hækka meðalmeðlög í Reykjavík fram yfir tillögur bæjarstjórnar, sem ætlaðist til að meðlagið væri lægst fyrir 4 ár barnsins.

Landsfundur-  
inn. Sumarið  
1934.

Bornar upp og samþykktar kröfur Mæðrastyrksnefndarinnar um mæðrastyrki.

Hin nýja ríkisstjórn tók til greina áskorun nefndarinnar um meðlagshækkun í Reykjavík. Meðlög samræmd að nokkru leyti, en þó ekki enn teknar til greina kröfur nefndarinnar um það að þeirrar reglu væri allstaðar gætt, að meðalmeðlagið (karlmannshlutinn af barnsmeðgjöf) miðaðist við launahlutföll karla og kvenna. Nefndin lagði áherzlu á það að ranglátt væri að sveitirnar greiddu hátt meðlag til barna, er dveldu í kaupstöðum, en fengu lága meðgjöf með börnum, sem fósturð væru í sveitum, væri þetta mjög til fyrirstöðu því að stúlkur vistuðust í sveitum með börnum sínum, þar sem þær töpuðu miklu fé í meðlagsmismuninum. Enn er þó mikið misræmi á meðalmeðlögum bæði í bæjum og sveitum. T. d. er einstæðum mæðrum svo að segja ógerlegt að koma börnum sínum á barnahélið í Grímsnesinu vegna hins lága meðalmeðlags þar í sveit. Meðgjöf á hælina er svipuð og á barnahælina í Reykjavík, söm fyrir ung börn, en þá er mismunurinn á föðurhluta meðgjafarinnar, meðalmeðlaginu, 230 kr. á ári, (200 kr. á aldrinum 4-9 ára).

Haustið 1934.

Nefndin hefir margsinnis gert kröfu til þess að mæður nyttu hækkunar meðalmeðlags án frekari birtingar um breytingu úrskurðarins, þar sem lækun væri framkvæmd umsvifalaust. Þessi skilningur laganna hefir ekki fengist viðurkendir, en stjórnin hefir lagt frumvarp fyrir haustþingið 1934, um breytingu á lögum um rétt óskilgetinna barna, þess efnis, að hækkað meðalmeðlag skuli borgað þegar í stað, eftir að auglýsingin um hækkunina hefir birzt í stjórnartíðindunum, án þess að sérstök breyting fari fram á úrskurðinum. Ennfremur er lagt til að lengdur verði fresturinn um kröfu til dvalarsveitar vegna barnsfararkostnaðar og að ríkissjóður endurgreiði dvalarsveit meðlög útlendra barnsfeðra ef ekki innheimtist meðlagið, þannig að skýlaus sé réttur barna til meðlaga. (Frumvarp þetta kom fram fyrir tilmæli nefndarinnar).

Frumvarp um meðalmeðlög til barna ekkna undirbúið fyrir nefndina af próf. Þórði Eyjólfssyni, lagt fyrir haustþingið, tekið til meðferðar af allsherjarnefnd.

#### M æ ð r a d a g u r .

Það hefir hvað eftir annað komið til umræðu í Mæðrastyrksnefndinni að æskilegt væri að nefndin beitti sér fyrir því að einn dagur á ári væri helgaður málefnum hennar, sem hátíðis- og kröfudagur mæðra. Var stungið upp á því að 19. júní yrði helgaður þessu málefni, þar sem Landsspítalinn væri þegar byggður, en ekki varð úr því. Ein nefndarkona, frú Bentína Hallgrímsson, sem kynst

hafði mæðradögum í Ameríku, var því mjög fylgjandi að sá síður yrði tekim upp hér. Varð hún formaður þeirrar nefndar, sem Mæðrastyrksnefnd kaus til þess að koma málinu á rekspól. Þótti æskilegt að leita samvinnu presta landsins til þess að fá þá til þess að minnst þessa málefni í ræðum sínum á mæðradaginn. Gekkt því mæðrastyrksnefndin fyrir því að mál þetta var lagt fyrir Synodus 1933 og fyrir prestakonufundinn í Reykholti. Nefndin valdi 4. sunnudag í maí til þessa hátíðahalds og var fyrsti mæðradagurinn haldinn í Reykjavík í vor. Síra Árni Sigurðsson messaði þann dag og hélt áhrifamikla ræðu, þar sem hann minntist móðurinnar, var ræðu hans útvarpað. Vegna viðgerðar í dómkirkjunni var ekki messað þar þann dag. Um kvöldið töluðu 3 konur í útvarpið fyrir hönd Mæðrastyrksnefndarinnar, þar frú Hallgrímsson, frú G. Lárusd. og Laufey Valdimarsdóttir. K. F. U. M. söngflokkurinn söng úti á Arnarhólstúninu og var þar samankominn múgur og margmenni. Var dagurinn allur fagur og hátíðlegur, og náði hugmyndin þegar miklum vinsældum. Blóm voru seld í minningu dagsins (4-5000 stk.) og komu inn 1200 kr. (800 nettó). Samþykkt var að verja helming þeirrar upphæðar til bráðabirgðarhjálpur handa nauðstöddum konum, sem nefndin hafði kynni af, en helmingnum skyldi varið til sumarhressingar fyrir þreyttar mæður. Var talið æskilegt að fé því er safnaðist framvegis þenna dag skyldi varið til sumardvalar mæðra. Samþykkt var að leggja fyrir Landsfund kvenna sumarið 1934, tillögu um það, að kvenfélög landsins bindust samtökum um það að halda 4. sunnudag í maí ár hvert, hátíðlegan sem "mæðradag". (Samþykkt af landsfundinum.)

#### E f t i r l a n d s f u n d i n n .

Fyrstu sumargestir Mæðrastyrksnefndarinnar, 20 konur og 5 börn, nutu viku dvalar á Laugavatni aðra vikuna í september s.l. Var gestunum tekið af einstakri alúð á Laugavatni og mun þessi tími lengi minnistæður þátttakendunum. Vonandi er að fjársöfnun mæðradaganna aukist svo að hægt verði að efla þessa starfsemi.

#### Fjárhagur mæðrastyrksnefndarinnar.

Eins og áður er sagt, hefir nefndin 3svar fengið styrk af ríkisfé og hefir þeim peningum verið varið til skýrslusöfnunar. Allan annan kostnað við nefndina hefir Kvenréttindafélagið borgað.

Húsnæði hefir nefndin fengið ókeypis hjá Vinnumiðstöð kvenna.



Skrifstofa Mæðrastyrksnefndarinnar.

Vandkvæði á framkvæmd laganna.

Laufey Valdimarsdóttir flutti erindi um starf það, sem unnið hefði verið af skrifstofu Mæðrastyrksnefndarinnar, til hjálpar og leiðbeiningar einstæðings mæðrum. Skýrði hún frá því að byrjað hefði verið á starfi þessu árið 1929 og hefði átt að safna þar skýrslum um hagi mæðranna og hjálpa þeim að leita réttar þeirra. Þrátt fyrir réttarbætur sífjalaganna frá 1921 og 1924 hefði brátt komið í ljós, að konur hefðu ekki notið þeirra réttinda, sem þeim bar að lögum.

Meðlagsgreiðsla eftirá.

Fyrsta árásin, sem konur urðu varar við að gerð var á þessi réttindi var sú, að sveitarstjórnir tóku að greiða meðalmeðlög eftirá, fyrir ár, í stað þess að lögin ætluðust til að meðlögin væru greidd missirislega fyrirfram. Varð að breyta hefð þeirri, er komin var á þetta, á alþingi 1927.

Meðlagsgreiðsla föður.

Skrifstofa Mæðrastyrksnefndarinnar varð fljótt vör við það, að aldrei var framfylgt þeim ákvæðum laganna, að úrskurða meðlagsskyldu föður samkvæmt fjárhag hans, ef hann var betur staddur en móðirin. Hafði það aldrei komið fyrir í Reykjavík að því er ræðukona best vissi, að föður væri úrskurðað herra meðlag en meðalmeðlag, fyr en þess var krafist fyrir milligöngu Mæðrastyrksnefndarinnar. Höfðu lögin þá verið í gildi 8-9 ár. Væri þó erfitt að fá slíkum kröfum framfylgt og mesta ólag væri á innheimtu þess opinbera hjá barnsfæðrum. Sveitastjórnir einar hefðu rétt til þess að heimta menn flutta á Litla-Hraun fyrir vanskil á meðlögum, sem komin væru í sveitaraskuld, og af því að framfærslusveitmannsins ætti að greiða dvalarkostnað hans á hælina, en ekki ríkissjóður, þá yrði lítið úr þessum framkvæmdum af hálfu sveitarinnar. Lögreglustjóri hér í Rvík veitti konum aðstoð til þess að innheimta meðlög, en ef menn greiddu ekki góðfúslega skuldina yrði að snúa sér til lögmans, því lögreglufulltrúinn hefði ekki lögtaksrétt. Gengi erfiðlega að ná frádrætti af kaupum barnsfæðranna, þó lög heimiluðu slíkt. Yfirleitt yrðu konurnar oft að ganga frá Heródesi til Pílatúsar á milli 3ja til 4 stjórnarvalda. Væri mikil nauðsyn á því að lögreglustjóri hefði sérstakan fulltrúa til þess að annast slíkar innheimtur og hefði hann lögtaksrétt. Hefði Mæðrastyrksnefnd komið með kröfu um það, en enn hefði hún ekki verið tekin til greina.

Barnsfarar-kostnaður og styrkur fyrir og eftir fæðingu.

Þá hefði Mæðrastyrksnefnd orðið þess vör að aldrei hefði verið tekið fullt tillit til kostnaðar mæðranna fyrir og eftir barnsfæðingu, en lögin ætluðust til þess að barnsfæðirinn tæki þátt í þeim kostnaði, eftir efnum sínum, án þess að greiðslan væri bundin við vissa fjárupphæð. Hefði fyrst í vetur sem leið tekist að fá úrskurði, sem legðu nokkurnveginn sanngjarnlega á barnsföður þann kostnað, en áður hefði aldrei verið greidd hærri upphæð en 200 kr. í Rvík og lægra annarstaðar, þó barnsmóðirin hefði verið frá verki í marga mánuði og jafnvel í heilt ár, vegna veikinda, sem stöfuðu frá meðgöngunni eða fæðingunni. Óþolandi dráttur væri oft á þessum málum, þó að engar sérstakar tálmanir kæmu fyrir. Væri það algengt, að barnsfararfúlgan tapaðist alveg, ef farið væri í mál,

af því að úrskurður fengist ekki gerður áður en að 6 mánuðir væru liðnir "frá því stúlkan varð heil", en að þeim tíma liðnum væri dvalarsveit ekki skylt að greiða féð.

Aukastyrkur  
vegna veikinda  
barns.

Í vetur sem leið hefði Mæðrastyrksnefndin fengið komið því til leiðar, að úrskurðaður var aukastyrkur til barnsmóður vegna veikinda barns. Mun það ekki hafa komið fyrir fyr. Áfrýjaði faðirinn þeim úrskurði til stjórnarráðsins, en fékk ekki áheyrn.

Ræðukona hefði heyrt getið um einn úrskurð um aukagreiðslu föður til barnsmóður sinnar vegna jarðarfararkostnaðar barnsins. Mundi slíkt vera mjög sjaldgæft ef ekki einsdæmi.

Réttur barns  
til mentunar.

Þá mundi aldrei framfylgt því ákvæði laganna að barn ætti rétt á uppeldi samkvæmt högum þess foreldris, sem betur væri státt, þannig að barn efnamanns ætti rétt á að fá þá mentun, sem slíkur faðir gæti veitt hjónabandsbarni sínu og væri úrskurðurinn um meðlagsgreiðslu hans miðaður við það. Enn hefði skrifstofan ekki kynnst neinu slíku dæmi (tilfelli).

Fráskildar  
konur.

Komið hefði í ljós að fráskildar konur nytu ekki þess réttar, sem löggin virtust ætla þeim, til þess að geta tekið hjá dvalarsveit meðlag það, sem þeim bæri skv. skilnaðarleyfisbréfi, ef fráskilinn maður þeirra greiddi ekki á gjalddaga og yrði þá greiðslan sveitarskuld hjá honum. Væri skýrt tekið fram í lögnum, að fráskildar konur ættu rétt á slíkri innheimtu hjá dvalarsveit, á sama hátt og ógiftar mæður, en væru ekki bundnar við meðalmeðlög eins og þær, þ.e.a.s. gætu þá fengið úrskurði sínum framfylgt skilyrðislaust. Úrskurðurinn væri gildur nema yfirvald (venjul. valdsmaður sá er gert hefði úrskurðinn) breytti honum vegna breyttra ástæðna aðiljanna. Framkvæmdin hafi orðið sú, að hafi konan verið skilin að borði og sæng, hafi greiðslan verið talin sameiginleg sveitarskuld hjónanna. Væri mjög á huldu hvernig skuldinni væri skift. Ef telja ætti að skiftingin væri til helminga, þá væri krafa konunnar á manninn, vidurkend af sjálfum honum og umsamin, færð niður um helming, án þess að konan væri einu sinni látin vita. Samtímis væri hún komin í afturlæfa sveitarskuld, sem hún vissi ekki um fyr en henni væri hótað fátækraflutningi, ef hún ætti ekki sömu framfærslu- og dvalarsveit. Sveitastjórnir teldu sér ekki skylt að fara eftir hinni úrskurðuðu upphæð. Ræðukona nefndi dæmi sem hún hefði vitað um í vetur. Kona hefði átt að fá 200 kr. mánaðarlega til framfærslu sinnar og barna sinna. Voru hjónin skilin að borði og sæng. Fátækraflutningurinn hefði fært þessa upphæð niður í 150 kr. Ef helmingur þessarar greiðslu væri skuldaður hjá konunni, þá væri mánaðarskuld mannsins komin niður í 75 kr. úr 200, sem samið hefði verið um. Engin leið væri að ná mismuninum, því sveitarstjórn ein hefði rétt til þess að heimta mann fluttan á Litla-Hraun vegna meðlagsskuldar, en dvalarkostnaður mannsins á hælínu væri skuldaður hjá framfærslusveit mannsins en ekki hjá ríkissjóð, eins og áður er sagt, og væru sveita-stjórnir því tregar að senda menn þangað. Ef maðurinn hefði ekki föst laun, eða aðrar eignir, sem taka mætti lögtaki þá væri ókleyft að ná nokkru hjá honum.

Yfirleitt teldi fátækraflutningurinn að greiðsla, sem færi fram úr meðalmeðlagi væri fátækraflutningur til konunnar og

væri sá skilningur í beinni andstöðu við fyrgreind um-  
mæli laganna, um að frásildar konur væru ekki bundnar  
við meðalmeðlög. Ef um konu væri að ræða, sem fengið  
hefði lögskilnað, þá væri að sönnu talið að greiðsla,  
sem ekki færi fram úr meðlagsupphæðinni, skyldi ekki  
teljast henni til skuldar, en fátækrastrjórn teldist hafa  
rétt til þess að takmarka greiðsluna eftir geðþótta sínum.  
Ef miðað væri við meðalmeðlög hrykki upphæðin ekki til  
framfærslu heimilis, ef móðirin væri bundin þar við störf  
sín. Fátækrastrjórnin teldi sig þannig enga skyldu hafa  
til þess að fara eftir úrskurðinum, eða mati því, sem  
yfirvöldin hefðu gert á greiðslugetu hjónanna, heldur  
tæki hún sér vald til þess að gera nýtt mat. Þó væri  
skýrt tekið fram í lögnum að breytingar á úrskurðum ættu  
að gerast af hlutaðeigandi yfirvaldi (venjulega þeim  
valdsmanni, sem gert hefði fyrri úrskurðinn). Slíkar  
breytingar væru ekki gerðar nema hagir aðiljanna hefðu  
breyzt. Væri auðsjáanlega mikill munur á því að sækja til  
dvalarsveitar þá upphæð, sem konan ætti rétt á skv. úr-  
skurði, eða að þurfa að fara bóunarveg og biðja um hvern  
eyri, kannske vikulega, en vera sjálfur skuldaður fyrir  
nokkru af upphæðinni og geta þá átt á hættu að verða  
flutt sveitarflutningi, stundum í ókunnar sveitir og jafn-  
vel til framandi landa.

Þá virtist konum úrskurðaður misjafnlega háar upp-  
hæðir, þó ekki væri sjáanlegur mikill munur á fjárhag  
manna þeirra, og misjafnlega mikið virtist greitt eftir  
þeim af sveitinni, þó allar ástæður væru líkar.

Vegna þessarar framkvæmdar laganna hefðu margar kon-  
ur lent í stórrri sveitarskuld að öþörfu og mist möguleik-  
ann til þess að vinna sér sveitfesti sjálfar og verða  
fjárhagslega sjálfbjarga. Þessi skilningur sveitastjórn-  
anna á lögum þessum hefði verið staðfestur með stjórnar-  
ráðsúrskurði frá 1927, sem verið hefði konum á allan  
hátt í óhag. En til væri nýrri ráðherraúrskurður frá  
1931, sem tæki af allan vafa um það að greiðsla til konu,  
skilinnar að borði og sæng, skv. skilnaðarleyfisbréfi,  
teldist eingöngu sveitarstyrkur veittur manningnum, en ekki  
konunni að neinu leyti. Þessi úrskurður hefði ekki feng-  
ist tekinn til greina af bæjarskrifstofunum í Reykjavík.  
Hefði þá verið vitnað í undirréttardóm í máli, sem kona  
ein hafði farið í við bæjarstjórn Reykjavíkur og áfrýj-  
að hafði verið til Hæstaréttar. Hefði Mæðrastyrksnefnd  
ráðlagt henni þetta til þess að fá skorið úr þessu þratu-  
atriði, en ekki væri enn séð fyrir endalok málsins. 1).  
Öll þessi framkvæmd laganna yrði til þess að svipta kon-  
ur sjálfstæði sínu. Kona, sem stæði að öllu leyti við  
sinn hluta af skilnaðarsamningnum, yrði að bæta á sig  
skuld mannsins, sem hún væri ekki fær um að greiða og  
kæmist hún þá á sveitina, (sér algerl. að óvörum) og  
yrði í rauninni ekki lengur fjár síns ráðandi og átti  
ekki rétt á að velja sér þann verustað á landinu, sem  
henni best hentaði. Mætti flytja hana nauðuga með börnum  
sínum, en enginn hreyfði við manningnum, sem vanrækti sinn  
hluta af framfærslu barna þeirra, stundum af kæruleysi.

Sveitastjórnir væru aftur á móti mjög varfærnar með  
að koma feðrunum ekki á sveitina án þess að þeir væru  
varaðir við, og væri þó skýr lagaheimild fyrir því að

Stjórnarráðs-  
úrsk. 1927.  
Do. 1931.

dvalarsveit greiddi umsvifalaust meðlög, ef faðirinn vanrækti að greiða þau á gjalddaga.

Meðlags-  
greiðslur.

Stöðvun vegna  
áfrýjunar fað-  
ernismáls til  
Hæstaréttar.

Ræðukona benti á það, að þó bæjarstjórn hefði metið meir undirréttardóm sem áfrýjað var, heldur en úrskurð dómsmálaráðherra, þegar sá skilningur laganna var henni í hag, þá hefði skrifstofur bæjarins neitað að greiða meðlag skv. dómi sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar, vegna þess að úrslit málsins kynnu að verða önnur. Átti þá stúlkan allslaus að biða dómsins, eða sjálf að komast á sveitina á meðan. Síðan hafði málaflutningsmaður annarar stúlku, sem líkt stóð á fyrir, fengið því framgengt að meðlagið var greitt þenna biðtíma. Ákvæði vantaði í lögin um endurgreiðslu tilföður, sem sýknaður væri með hæstaréttardómi, væri réttlátt að ríkissjóður endurgreiddi slíkt, eins og ætti sjer stað í Svíþjóð.

Meðlagsgreið-  
sla til móður  
óskilgetins  
barns, sem  
gifst hefir  
öðrum manni.

Þá hefði giftum konum verið neitað um greiðslu á meðlagi með óskilgetnu barni, sem þær hefðu átt áður en þær giftust. Lögin ætluðust til að dvalarsveit greiddi slíkt meðlag fyrir hönd föður, því stjúpinn tæki að sér framfærsluskylduna með konu sinni, en tæki ekki framfærsluna af föður barnsins, og félli hún ekki á móðurina, svo framfarlega sem ekki væri ákveðið með nýjum úrskurði að ástæður þessara foreldra væru svo gjörbreyttar að framfærsluskyldunni skyldi létta af föðurnum. Nefndin hefði fengið fyrirspurnir um þetta frá 3 konum. 2 hinar fyrri hefðu enga leiðréttingu fengið, en þriðja konan hefði fengið kröfu sína viðurkenda, enda hefði þá legið fyrir stjórnarráðsúrskurður um málið. Einkennilegt væri að bera þetta saman við þann lagaskilning, sem kæmi fram í því, að neita fráskildum konum meðlag skv. skilnaðarleyfisbréfi, ef þær væru þannig settar að fátækrastrjórn álitu að þær gætu bjargast án sveitarstyrks. Komið hefði fyrir í vetur að hjón skildu, sem verið höfðu 7 ár skilin að borði og sæng, og hefði konan ein séð fyrir barni þeirra, en maðurinn skuldað henni umsamið meðlag í ca 6 ár. Hefði konan gengið inn á lögskilnað að því tilskildu, að maðurinn gæfi með barni þeirra í tvö ár, en skuldin félli niður. En þegar hún ætlaði að fá greitt meðlag þetta hjá dvalarsveit, þar sem maðurinn stóð ekki í skilum á gjalddaga, þá hefði henni verið gerð heimsókn af fátækrafulltrúum og henni síðan neitað um meðlagið, sem samið hafði verið um mánuði áður, þegar skilnaðurinn var gerður. Hefði dvalarsveitin neitað greiðslu með þeim ummælum að konan þyrfti ekki sveitarstyrk. Hefði konan þó tekin að reskjast og orðin slitin. Atvinna hennar hefði verið hreingerningarvinna.

Samanburður  
við frísk.  
konur.

Meðlagsgreið-  
slur útlend-  
inga.

Erfitt væri um innheimtur meðlaga frá útlendingum, t. d. Dönun, vegna þess að dómsmálaráðuneytið danska teldi að slíka úrskurði bæri að gera hér, en stjórnarráð Íslands teldi að úrskurðina bæri að gera í Danmörku. Virtust slík mál geta staðið í stappi mánuðum og árum saman, án þess að skorið væri úr um þetta. Stjórnarráðsúrskurður væri til um það, að stúlka ætti rétt á greiðslu frá dvalarsveit sinni, skv. löglegum úrskurði þó óvíst væri um endurgreiðslu frá föðurnum eða sveit hans, (vegna þess að það væri grundvallarhugsun laganna að framfærsluskylda föður ætti aldrei að falla á móðurina heldur tæki þjóðfélagið þann bagga af henni. Dvalarsveit væri því

skylt að láta féð af hendi og eiga eftir leikinn um innheimtuna). Skv. þessu gæti stúlka fengið t.d. dönskum úrskurði fullnægt hér. En þegar löglegur úrskurður fengist ekki gerður, þó faðernið væri viðurkent, þá stæði alt í stað. Stúlkan ætti rétt á greiðslu skv. lögum síns lands, en fengi oft annaðhvort ekkert, eða meðlagið væri innheimt skv. greiðsluskyldu í landi barnsföður og gæti það meðlag verið miklu lægra en meðalmeðlag hér, því miðað væri í Danmörku við meðlög á ríkisstyrktum barnahælum. Samningar væru milli norðurlanda um meðlagsinnheimtu hjá barnsföðrum, en þeir væru miðaðir við meðlagsgreiðslur í landi föðursins, sem hámark.

Meðlagshækkun-  
ir.

Mæðrastyrksnefnd hefði orðið vör við réttindamissi mæðra á ýmsum öðrum sviðum. T.d. væri það algengt að mæður nytu ekki hækkunar á meðalmeðlögum, hvorki þegar barnið flyttist inn á dýrara framfærslusvæði (t.d. til Reykjavíkur úr sveit) eða þegar nýtt meðlagstímabil kæmi og hækkun ætti sér stað. Sveitarstjórnir krefðust þess að hverjum einstökum úrskurði væri breytt ef móðirin ætti að njóta hækkunarinnar. Skyldi það gert þar sem faðirinn ætti lögheimili og hækkunin birt honum. Gæti oft verið erfitt og beinlínis ómögulegt að framkvæma þetta og væri bersýnilegt að lögin ætluðust ekki til þess að nein birting ætti sér stað, þegar breyting úrskurðarins stafaði af því að meðalmeðlög hækkuðu, sem væri hliðstætt breytingu dýrtíðaruppbótar og stæði ekki í neinu sambandi við breytingar á ástæðum aðiljanna sjálfra. Tíðasta ástæðan til þess að mæður nytu ekki hækkunar meðlagsins væri sú, að þær vissu ekki að þær ættu rétt á henni, og bæjar-  
skrifstofur og sveitarstjórnir teldu sér ekki skylt að upplýsa konurnar um þetta. Stundum væri þó fjarveru úrskurðanna um að kenna, þar sem þeir gætu verið árum saman á flækingi milli hreppa og yfirvalda. Væri þá sumstaðar greitt eftir ágiskun, miðað við stað og tíma úrskurðarins en annarstaðar væri neitað um greiðslu, þangað til úrskurðurinn kæmi, en rétturinn til greiðslu frá dvalarsveit væri bundinn við ársfrest frá gjalddaga, og gæti konan þannig mist ársmeðlag sitt vegna þessa slóðaskapar hreppa og yfirvalda. Sýndi þetta best hve lítil rækt væri lögð við þessi mál af hálfu þeirra, sem um þau fjölluðu fyrir þjóðfélagið.

Flækingur  
úrskurða.

Frádráttur með-  
laga vegna  
sumarvistar  
barna.

Kært hefði verið yfir því til nefndarinnar, að meðlag hefði verið lækkað, vegna þess að barn hefði farið um tíma í burt, verið tekið af vandamönnum, farið í sumarvist, eða verið komið fyrir, svo að konan gæti unnið, t.d. í fiski. Lækkunin væri varin með því, að barnið dveldi í ódýrara framfærsluhéraði. En hinsvegar væru meðlög stálpáðra barna svo lág, að þau væru miðað við það, að barnið gæti eitthvað unnið að sumrinu og útbúningur barnsins í sveitina væri kostnaðarsamur. Mæðrastyrksnefnd hefði sent bæjarstjórn erindi um þetta og ýms önnur atriði, sem kærð hefðu verið fyrir henni. Hafði frú Adalbjörg Sigurðardóttir flutt það mál og hefði bæjarstjórn tekið sumarumkvartanir nefndarimmar til greina. T.d. hefði verið samþykkt að draga ekki af meðlagi þó barn færi burt sumartíma. Þá hefði verið samþykkt að bæjarskrifstofurnar skyldu altaf halda eftir afriti af úrskurði, sem þær sendu burtu, en áður hefðu hvergi verið bókaðar upphæðir úrskurðanna,

né heldur verið til afrit af þeim. Loks hefði 2 konum verið greidd vanggreidd meðlög, í öðru tilfelliinu skv. úrskurði, sem verið hefði þrjú ár í ferðalagi.

Frádráttur af meðlögum vegna styrkveitingar til móðurinnar.

Nefndin hefði orðið þess vör, að fyrir hefði komið að fyrri sveitarstýrkur veittur móðurinni sjálfri hefði verið dreginn frá meðlagi því, sem dvalarsveit greiddi vegna barnsföður, fyrirfram fyrir missiri í einu. Væri þar skertur réttur barnsföður og barnsins og virtist gengið óþarflega hart að alslausri móður um endurgreiðslu sveitarstýrks.

Niðurfærsla á framfærslu-aldrinum.

Nefndin hefði orðið þess vör nokkrum sinnum að fátækra- stjórn hefði neitað greiðslu meðgjafar með munaðar- lausu barni lengur en til 14 ára. Væri þó framfærslu- skylda til 16 ára og meðalmeðlag miðað við það og þá auð- vitað líka meðgjöf barna þeirra, sem bærinn ætti að sjá um.

Undirboð á meðgjöfum, sveitaflutningur barna.

Dæmi væru þess að börn væru umsvifalaust flutt af heimilum, þar sem vel færi um þau, af því að hægt væri að finna þeim ódýrari verustaði, stundum langt í burtu, þar sem móðirin gæti ekki haft samband við barnið. Sveita- stjórnir teldu sig hafa heimild til þess að flytja börn á þenna hátt, án samþykkis og jafnvel án vitundar móður- innar, þó lögin veittu henni skýlausan rétt til þess að ráða verustað barns síns, eins og foreldri skilgetins barns.

Eina vörnin gegn fátækra- flutningi.

Yfirleitt virtust sveitastjórnir ekki telja það skyld- u sína að upplýsa konur, (eða annað styrkþurfa fólk) um réttindi þeirra. Eini möguleiki konu, til þess að forð- ast sveitaflutning með heimili sitt, væri ákvæði laganna um það, að ekki megi taka frá henni börnin án samþykkis hennar, og gæti þetta orðið til þess að framfærslusveit geti ekki boðið henni heimili fyrir sig og þau, og þá orðið að samningum að konan fari hvergi. En kunnugt væri Mæðrastýrksnefnd um það að fátækrafulltrúar nefndu ekki þetta atriði og vissi til að konum hefði margsinnis verið ógnað með fátækraflutningi og boðið það eitt að börnunum skyldi skift niður. Ein kona hefði þó bjargast á þessu hálmstrái laganna.

Stýrkur veitt- ur sextugum mönnum og eldri. Sveita- flutningur gamalmenna.

Eins hefði nefndin orðið þess vör að gamalt fólk hefði verið hundelt af lögreglunni og flutt sveitarflutningi, þrátt fyrir það ákvæði laganna, sem samþykkt hefði verið árið 1927, um það að stýrkur þegin af sveit eftir 60 ára aldur skyldi ekki teljast fátækra stýrkur, né hafa neinar verkanir þess styrkjar. Fyrst í fyrraveður, eftir að lög þessi hefðu verið í gildi ca. 6 ár og ýmsir hefðu verið fluttir og hreldir, sem átt hefðu þenna rétt, hefði komið stjórnarráðsúrskurður um það, að stýrkur veittur fólki yfir sextugt væri ekki fátækra stýrkur og flutningur þess ólöglegur. Ennfremur virtist slíkt fólk geta átt rétt á ellistyrk, þó stýrkur væri veittur því af sveit eftir sextugt. Væri álit lögfræðinga að svo væri og ætti sú leiðrétting að fást, því gömlu fólki væri mikil raun að því að missa ellistýrkinn og telldi það réttinda- og æru- skerðing. 2)

Ellistýrkur.

Ræðukona kvaðst nú hafa drepit á ýmsa þá annmarka, sem mæðrastýrksnefndin hefði rekið sig á fyrir starfsemi sína. Þó væri margt eftir, sem ekki væri tími til að rekkja að sinni. Þó gæti hún ekki stilt sig um að minnast

Flutningur  
á Klepp.

á eitt, sem hún teldi alvarlegt áhyggjuefni, en það væri flutningur sjúklunga á geðveikrahælið Klepp. Virtist svo, sem hægt væri að flytja fólk þangað, svo að segja án nokkurrar undangenginnar rannsóknar, eftir ávísun læknis eftir lauslegt viðtal. En á Kleppi vantaði algerlega deild fyrir sjúklunga, sem þyrftu betra eftirlit en veitt væri á rólegu deildinni en þyldu ekki hávaða órólegu deildarinnar. Væri oft svo þröngt á þessu sjúkrahúsi að sjúklingar væru lagðir inn á órólegu deildina, sem als ekki ættu þar heima. Þá væri fólk stundum ginnt inn á þenna spítala, og mætti nærri geta hvaða áhrif það hefði, enda teldi læknir spítalans slíkt mjög varhugavert. Svo væri að sjá, sem fátækrafulltrúar í Rvík teldi sig réttu aðiljana til þess að framkvæma slíkan flutning eftir beiðni vandalauss fólks, þó sá sem flytja ætti væri ekki styrkþegi bæjarins. Mætti þó halda að lögreglan væri þar hinn rétti aðili.

-----

Barnsfaðernismálin.

Alt væru þetta ákæru á þjóðfélagið og vanabundið skipulag, frekar en á einstaklinga eða jafnvel flokka. En þó væri eftir einhver þyngsta ákæran og hún væri: meðferð barnsfaðernismála. Mæðrastyrksnefnd hefði verið beðin aðstoðar við 8 slík mál og hefði hún þá orðið þess vör, hve lítil alúð væri við þau lögð, en þau væru í eðli sínu mjög vandasöm, þar sem dæma ætti milli tveggja manna, sem segðu sitt hvor. Yfirheyrslan væri ósegjanleg kvöl fyrir margar stúlkur og eðlilegt að þær gætu tapað sér fyrir réttinum. Rannsókn málanna virtist mjög litilfjörleg, enda væri erfitt að sanna þessi mál. Dómstólarnir beygðu sig nú fyrir úrskurði vísindanna með blóðrannsóknnum. Slíkar rannsóknir bæru þó oftast engan árangur og gætu aldrei veitt önnur fullnaðarsvör en neikvæð. Ræðukona kvaðst ekki geta að því gert að hún efaðist um að slíkar rannsóknir væru óyggjandi, en hvorki tjáði að deila við dómstólana eða um trú manna.

Blóðrannsóknir.

Mæðrastyrksnefnd hefði átt við eitt mál, sem hefði haft þá sérstöðu, að það væri fyrsta málið, sem Hæstiréttur hefði tekið upp, eftir að dómur hefði verið feldur og hefði nefndinni tekist að fá þessu ágengt. Dómur í málinu félli í haust. 3)

Barnsfaðernismál tvidæmt af hæstarétti.

Aðsókn að skrifstofunni hefði aukist eftir að hún hefði fengið hentugt húsnæði í Vinnumiðstöð kvenna. Hefði í vetur verið á 3ja hundrað heimsóknir og verið beðið um margháttada hjálp. Peninga hefði nefndin litla til úthlutunar nema um jólin. Hefðu nefndinni verið gefnar um 3000 kr. í vetur sem leið, sem úthlutað hefði verið til kvenna. Einnig hefði verið gefið talsvert af fötum um jólin. En tilfinnanlegur væri fjárskortur nefndarinnar og þörfin á að hafa fé undir hendi til bráðabirgðarhjálpur í ítrustu nauðsyn. En annars væri veitt hjálp til þess að fá viðurkenningu faðernis, úrskurði um meðlög, hækkanir á úrskurðum, gefnar væru margskonar upplýsingar, fyrirspurnir og beiðnir sendar ýmsum skrifstofum, stjórnarráðinu, lögreglustjóra, bæjarskrifstofunum o. fl. Stundum væri leitað hjálpar og ráða hjá nefndinni sem væri persónulegs eðlis. Skilningur á starfsemi nefnd-

arinnar væri altaf að aukast, en við ramman reip væri að draga, þar sem væri áþúsunda venjur um réttleysi kvenna.

Vinnumiðstöð kvenna, sem K. R. F. Í. hefði rekið nú á 3ja ár (með styrk úr bæjar- og ríkissjóði) hefði á margvíslegan hátt hjálpað einstæðingsmæðrum með vinnuútleitu, um 100 mæðrum með börnum hefðu verið útveguð heimili (vistir) á undanförunum 2 árum.

- 1) Málið tapaðist fyrir Hæstarétti og mun nú reynt að fá skýrari ákvæði um þetta inn í lögin, á yfirstandandi þingi, ef hægt verður.
- 2) Bæjarráðið hefir nú viðurkennt þann skilning laganna, að þeginn sveitarstyrkur eftir 60 ára aldur skuli ekki hamla mönnum frá að geta notið ellistyrkjar.
- 3) Athugasemd eftir Landsfundim. Málið vanzt, stúlkan fékk eiðinn.

Lauslegt yfirlit yfir starfsemi skulstofna Mæðrastyrksnefndar, um miðjan Október 1934.

Afgreitt, útv. hjálp.

10 barnsfæðernismál, 3 áfrýjað til Hæstaréttar. (Af þeim tapaðist 1, annað tapaðist en var tekið upp aftur af Hæstarétti og fékk þá stúlkan eiðinn, þriðja óafgreitt enn.) Hin málin unnu stúlkurnar

20 viðurkenningar fæðernis (án málsóknar).

30 úrskurðir um barnsfararkostnað og meðlög.

13 hækkadur úrskurðir.

1 aukastyrkur vegna veikinda barns.

20 hjálpað til þess að ná rétti sínum gagnvart sveitastjórnunum (þar af 2 endurgreidd vangoldin meðlög, 1 endurgreitt frádráttur af meðlagi vegna sumarvistar barns).

1 konu hjálpað gagnvart barnaverndarnefnd, mál hemmar upplýst og hlutur hemmar réttur gagnvart nefndinni.

12 veitt aðstoð til umsókna um hjálp úr ýmsum sjóðum og var beiðnin veitt.

14 ýmsar útvegnair, svo sem að koma fyrir sjúklingum, sængurkonu, börnum, leguábyrgð o. fl.

1 sinni talað á milli hjóna, með góðum árangri, eftir því sem séð varð.

6 konum útveguð atvinna. Atvinnuleitendum er yfirleitt vísað til Vinnumiðstöðvar kvenna.

Auk ofangreindra tilfella koma mjög margar beiðnir um peninga hjálp og hefir nefndina skort peninga til þess að geta leyst úr þeim. Þó er altaf dálitlu úthlutað um jólin, af samskotafé. Í ár hafa þó framundir 05 konur fengið einhverja slíka hjálp, auk nokkurra fatagjafa.



Nú eru óaigreidd um 20 mál, (þar af 10 úrskurðahækkningar).  
Ennfremur hafa 16 fráskildar konur leitað hjálpar árangurs-  
laust, (sjá skýrslurnar).  
15 leituðu upplýsinga, en báðu ekki um frekara liðsinni.

Fulltrúar Mæðrastyrksnefndarinnar:

<u>Fram-</u>	Laufey Valdimarsdóttir, form.	(Kvenréttindafélag Íslands)
<u>kvæmda-</u>	Aðalbjörg Sigurðard. varaform.	" "
<u>nefnd.</u>	Laufey Vilhjálmisd. gjaldkeri	Lestrarfélag kvenna.
	Inga Lárusdóttir, ritari	" "
	Bentína Hallgrímsson,	Trúboðsfélag kvenna.
	Kristín Jacobsen,	Kvenfélagið "Hringurinn".
	Sigríður Sighvatsdóttir,	Thorvaldsensfélagið.
	Jónína Jónatansdóttir,	Verkakvennafél. "Framsókn".
	Jóhanna Árnadóttir,	Hvítabandið.
	Áslang Ágústsdóttir,	K. F. U. K.
	Steinunn Bjartmarsdóttir,	Barnavinafélagið.
	Þórdís Carlquist,	Ljósmeðrafélagið.
	Sigríður Eiríkss,	Fél. ísl. hjúkrunarkvenna.
	Bjarney Samúelsdóttir,	Hjúkrunarfélag "Líkn".
	Thyra Loftsson,	Kvenstúdentafél. Íslands.
	Guðrún Finnsdóttir,	A.S.B. (Afgrst. í brauðsölu.)
	Katrín Pálsdóttir,	A.S.V. (Alþjóðasamhj. verkalýðsins.)
	Pálína Þorfinnsdóttir,	Þvottakvennafél. "Freyja".
	Stjórn K. R. F. Í. á sæti í nefndinni.	